

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 87/2005

frá 10. júní 2005

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2005 frá 29. apríl 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 211/2005 frá 4. febrúar 2005 um breytingu á reglugerð EB nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) 1 og 2 og alþjóðlega reikningsskilastaðla (IAS-staðla) 12, 16, 19, 32, 33, 38 og 39 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003) í XXII. viðauka við samninginn:

„- **32005 R 0211**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 211/2005 frá 4. febrúar 2005 (Stjtíð. ESB L 41, 11.2.2005, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 211/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún er samþykkt að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 239, 15.9.2005, bls. 62 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 46, 15.9.2005, bls. 38.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 41, 11.2.2005, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.